

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

173

11. sept.

fyrir Búnaðarfélag Svarfdæla.

Búnaðarfélag Svarfdæla gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Tilgangurinn með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar;
2. að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru vélfær;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða;
4. að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði, eins og það álízt á hverjum tíma.

4. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu vera skriflegar og komnar til stjórnar félagsins fyrir janúarlok, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnslukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið öðrum framræslu- og jarðvinnsluverkefnum, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir þær, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

7. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, reksturs-, viðhalds- og geymslu-kostnaður véla, kostnaður við flutning véla og verkfæra milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi

- 173 allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum, er 11. sept. fyrir kunna að koma, og ekki fást greidd úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum, en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er sé andvirði beltisdráttarvélar TD9 með tilheyrandi jarðvinnslutækjum og ræsaplóg, að fjárhæð alls kr. 65000.00. Tekjur sjóðsins eru:

1. Einn fjórði hluti framlag frá Búnaðarfélagi Svarfdæla og er það óafturkræft;
2. einn fjórði stofnfjárlán, er tryggt sé með ábyrgð búnaðarfélagsins og endurgreiðist það innan 6 ára;
3. helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Komi í ljós síðar, að álitu búnaðarfélagsstjórnarinnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera um það rökstuddar tillögur til aðalfundar félagsins. Ef aðalfundur samþykkir stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir félagið.

11. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

12. gr.

Reikningsár félagsins, varðandi starfsemi þess samkvæmt samþykkt þessari, er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélagsins og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

13. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi Búnaðarfélags Svarfdæla, enda hafi þeirra verið getið á fundarboði. Samþykki lögmætur aðalfundur þær með minnst $\frac{2}{3}$ atkvæðum atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

14. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að $\frac{2}{3}$ fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktin felld úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Svarfdæla og skal eignunum varið til almennra framfaramála í hreppnum.

15. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð- 173
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir 11. sept.
frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurbjörns Andrés- 174
sonar frá Þórisstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 12. sept.
herra 12. september 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurbjörns Andréssonar frá Þórisstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurbjörns Andréssonar frá Þórisstöðum í Gufudalshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu S. Jónasdóttur, Þórisstöðum, til minningar um son hennar, Sigurbjörn Andrésson.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld og leggst fé það, sem kemur inn fyrir þau, við höfuðstólinn, ásamt öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins ávaxtast í tryggum verðbréfum.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lómunarveika sjúklinga í Gufudalshreppi. Ættingjar Sigurbjörns gangi fyrir styrk úr sjóðnum.

7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 5000.00 koma $\frac{2}{3}$ hlutar vaxtanna til útborgunar, en $\frac{1}{3}$ leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 20000.00 koma $\frac{3}{4}$ vaxtanna til útborgunar, en $\frac{1}{4}$ leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 50000.00 greiðast $\frac{4}{5}$ hlutar vaxtanna út, en $\frac{1}{5}$ leggst við höfuðstólinn, og þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 100000.00 greiðast $\frac{9}{10}$ hlutar út, en $\frac{1}{10}$ leggst við höfuðstólinn, og skal það síðan haldast.